

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað
Hafnarbraut 6
740 Neskaupstaður

Reykjavík, 27.6.2023
UST202301-267/G.S.O.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 6. júní 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað þann 10. maí 2023. Þann 19. júní sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Árið 2022 mældust TVN-gildi í hráefni sem unnið var í verksmiðjunni, fjórum sinnum yfir 100 mg N/100 g. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er unnið að auknum afköstum verksmiðjunnar með frekari fjárfestingum og er það einn liður í því að minnka líkurnar á því að TVN gildi í hráefninu mælist yfir 100 mg/100 g. Frávikinu er því lokað.**
2. Gr. 2.6 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda hefur ekki verið endurskoðuð í samræmi við kröfur í starfsleyfi. **Viðbragðsáætlun rekstraraðila hefur nú verið yfirfarin og uppfærð og er frávikinu því lokað.**
3. Gr. 4.4 og 4.1 í starfsleyfi. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað, hvorki fyrir árið 2021 né árið 2022. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður ársyfirlitinu skilað fyrir lok ágúst 2023.**

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram, er varðar:

1. Gr. 2.4 og 3.23 í starfsleyfi. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er unnið að endurbyggingu efnageymslu fiskimjölverksmiðjunnar. Olíuhlutinn verður leiddur í olíugildru auk þess sem hluti rýmisins verður lekabytta.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur